

# Skólaráðsfundur 4. nóv. 2013

Fundarmenn: Aðalheiður, Helga Veronika, Helgi, Marsibil, Róbert Elís, Sigurður, Sigríður, Sveindís og Úlfhildur. Hulda Sólveig kom einnig á fundinn.

## 1. Innslag:

Skólastjóri bauð fundarmönnum að fá sér köku og kaffi og vakti athygli á því að Róbert Elís er nýkrýndur Norðurlandameistari í skyldingum með höggsverði. Róbert sigraði bæði í aldursflokknum U15 og U17. Helgi sýndi okkur heimasíðu skólans þar sem afrek Róberts eru tíunduð og einnig sagði Róbert okkur frá sínum frábæru sigrum.

## 2. Skólanámskrá:

Það er nýbyrjað að innleiða nýja skólanámskrá. Farið hefur fram vinna við innleiðingu aðalnámskrár. Skólastjóri útteildi ritum um hana. Það mun örugglega taka okkur nokkur ár að innleiða hana vel. Námsvísar eru komnir inn á heimasíðuna fyrir alla árganga skólans. Vegvísir Hvaleyrarskóla er í endurskoðun en Helgi vék að honum og sýndi okkur plögg úr honum í skjávarpanum. Þarna getur að líta knappa texta um grunnþættina; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þessum þáttum verður gerð nánari skil.

Sveindís reifaði það hvenær skólaráð kæmi að þessari vinnu? Skólastjóri tók vel undir það og taldi að það þurfi að finna leið til að vinna þessa þætti vel þar sem legið er yfir textanum. Á einhverjum tímamarki þarf að kalla til foreldra og nemendur til að kynna sér þetta betur. Einnig eru önnur verkefni inni á heimasíðunni sem eru orðin á vissan hátt samgróin skólanum. Marsibil mun prófarkalega þetta plagg betur. Skólanámskráin á jafnframt að vera lifandi plagg og mun verða í stöðugri endurskoðun á meðan á innleiðingu nýrrar aðalnámskrár stendur.

Helga Veronika benti á atriði í kaflanum um skólasókn nemenda sem skoða þarf betur. Marsibil spurði hvort skráin með bekkjarfulltrúum ætti ekki heima í skólanámskránni. Helgi tók vel undir það. Sveindís óskaði eftir því að fá eintak af aðalnámskránni og leiðarvísunum um grunnþættina á prenti fyrir foreldrafélagið. Helgi mun athuga það. Sveindís spurði ennfremur hvort einhverju hefði verið breytt í eineltisáætluninni vegna innleiðingu Olweusar. Við erum rétt að byrja á Olweusar verkefnum og munum samræma okkar aðgerðir í eineltismálum betur að þeim. Í haust er áhersla lögð á að innleiða bekkjarfundir.

Að lokum staðfestu fulltrúar í skólaráði með undirskrift sinni að umfjöllun um skólanámskrána hefði fari fram og hún væri tilbúin til staðfestingar í fræðsluráði.

## 3. Fjárhagsáætlun:

Helgi sýndi okkur þrjú skjöl varðandi fjárhagsáætlun. Nú erum við þrjú prósent yfir á fjárhagsáætlun. Forfallakennsla er langt yfir mörkum. Við höfum reynt að vera samviskusöm við að dekkja forföll. Við reynum að leysa helstu forföll og sérstaklega hjá yngstu börnunum. Lykillinn var lækkaður niður í 3,5% fyrir nokkrum árum. Þetta er eins hjá öllum skólunum. Mikilvægt er að hafa þessa áætlun raunhæfa.

Langtímaforföll eru sett undir annan lykil. Sveindís hefur tekið þátt í umræðum um þetta í fræðsluráði.

Helgi sýndi okkur skjal um rekstaráætlun skólans. Nú voru þrjár kennslustofur málaðar í vetrarfríinu. Hann renndi yfir ýmis viðhaldsmál og græjukaup m.a. í sauma- og smíðastofu. Skipt hefur verið um gardínur á allri suðurhliðinni. Allir eru afar ánægðir með þær.

Óskað er eftir skjávörpum í allar kennslustofur. Helgi sagði að það kostaði um 18 milljónir að setja upp 20 skjávarpa í alla grunnskóla Hafnarfjarðar. Þar sem þetta er afar lág upphæð í samanburði við heildarrekstur skólanna er það ótrúlegt að ekki hafi verið veitt peningum í þetta. Róbert benti á að tölvurnar hér væru margar kraftlitlar og huga þyrfti einnig að þeim búnaði.

Það vantar þráðlausa senda fyrir internet sem er grundvöllur fyrir nýtingu spjaldtölva í skólastarfinu. Við höfum fengið 12 nýja tölvuskjái en þeir hafa verið að týna tölunni að undanfögnu. Nemendafulltrúar tóku vel undir þetta og sögðu að margir símar væru það kraftmiklir að hægt væri að nýta þá í náminu. Nemendur geta þannig komið með sín eigin tæki í skólann. Norðlingaskóli er kominn langt í þessum efnum og einhverjir fleiri skólar.

#### 4. Önnur mál:

- a) Sveindís spurði: Eru til starfsreglur fyrir skólaráð? Ef svo er hvar eru þær? Eru þær á heimasíðunni? Helgi mun koma með þær útprentaðar á næsta fundi.
- b) Það hafa verið tveir fundir hjá foreldrafélaginu. Þegar lús kemur upp fá allir að vita. Ath. ef einelti kemur upp í bekk má þá láta alla vita? Spurt var einnig hvort að foreldrar gerenda og þolenda væru kallaðir saman á fund ásamt börnum sínum. Það er almennt ekki gert. Helgi hefur lagt til að fara varlega með þessi málefni en vinna þau samt vel.
- c) Ath. með innkaupalista. Fulltrúum foreldra finnst þeir koma seint frá okkur. Ákveðið að skoða þau mál betur, jafnvel þann möguleika að skólinn hefði milligöngu um þau innkaup.
- d) Ath. með skiptingu barna í 1. bekki. Búseta var ekki alveg höfð að leiðarljósi eins og oft áður. Þriðji bekkurinn kom til allra heilla inn á síðustu stundu og reynt var að hafa getustig barnanna í þessum bekkjum sem jafnast. Einnig fékk 5 ára deildin að halda sér sem verður ekki gert aftur á næsta ári er raðað verður í 1. bekki.
- e) Rætt var um atvik sem koma upp í Holtaseli sem er ekki undir stjórn skólans. Hver er aðkoma foreldra að þeirri starfsemi? Rætt var um það hvort innleiða ætti SMT sérstaklega inn í frístundaheimilin og þá var jafnframt nefnt að áður hafi verið rætt um íþróttahúsin og sundstaðina af sama tilefni.
- f) Spurt var um Syngjandi jól m.t.t. jólaföndurs foreldrafélagsins. Marsibil ætlar að athuga það. Innskot: Syngjandi jól verða þann 7. des. og hefur Sveindís formaður fengið póst þar að lútandi.
- g) Nemendafulltrúar sögðu að skerpa þyrfti á skipulagi á fundum nemendaráðs. Fundir féllu niður og væru ekki nógu skipulagðir. Sigurður benti á að ljósaperur fyrir ofan Poolborð væru í ekki í lagi. Helgi mun tala við húsvörðinn.

- h) Rætt var um utanlandsferðir með 10. bekkinga. Spurt hvort að það væri stefnan að fara árlega með 10. bekkinga til útlanda. Skoða þarf betur þau mál. Það kemur í ljós með styrkveitingu vegna ferðar 10. HEH eftir nokkra daga.

Næsti fundur verður kl. 14.30 þann 2. desember.

Fundarritari Marsibil.